

## Vinnureglur til hliðsjónar við úthlutun úr Starfsmenntasjóði Starfsmannafélags Kópavogs

1. Skilyrði umsókna og hlutföll styrkveitinga:
  - a. Umsækjandi verður að vera í starfi, bæði þegar hann sækir um styrkinn og þegar hann notar hann.
  - b. Umsækjandi þarf að hafa verið félagsmaður í sex mánuði til að eiga rétt á að sækja um styrk í sjóðinn.
  - c. Til þess að fá fullan styrk þarf umsækjandi að hafa verið félagsmaður í eitt ár og í 50% starfshlutfalli eða meira. Hafi umsækjandi verið félagsmaður í skemmri tíma fær viðkomandi greitt í hlutfalli við það. Sé félagsmaður í minna en 50% starfshlutfalli skal fjárhæð miðuð við starfshlutfall. Stjórn sjóðsins er heimilt að horfa til uppsafnaðra réttinda ef breytingar verða á starfshlutfalli.
  - d. Styrkir greiðast aðeins af grunngjaldi, vextir og/eða vanskilagjöld falla ekki undir styrki.
  - e. Samtals styrkir til félagsmanns geta aldrei orðið hærri en kr. 100.000 á ári fyrir liði 2, 3, og 5 hér að neðan auk þess geta bæst við allt að kr. 50.000 á ári fyrir lið 4. Samtals kr. 150.000.
  - f. Greiðslur úr sjóðnum fara einungis fram gegn afhendingu frumrits reiknings. Reikningur skal vera númeraður, með nafni og kennitölu, skilgreindum námstíma og greinilega merktum greiðslukvittunum.
  - g. Umsóknum skal skila inn fyrir lok hvers mánaðar og umsóknir skulu vera vandlega útfylltar.

Veittir eru styrkir vegna eftirfarandi starfsmenntunar:

2. Stutt námskeið (t.d. tölvu-, tungumála-, ritara-, mannleg samskipta- og/eða sjálfstyrkingarnámskeið) og ráðstefnur. Greidd eru 80% af námskeiðs- eða ráðstefnugjaldi allt að kr. 100.000 á ári. Hafi félagsmaður náð 7 ára starfsaldri/félagsaldri þá hækkar hlutfallið í 90%. Sé gjaldið kr. 20.000 eða minna fæst það greitt að fullu þó aldrei herra en kr. 16.000 en kr. 18.000 fyrir þá sem náð hafa 7 ára starfsaldri/félagsaldri.
3. Viðbótarnám, sérfræðinámskeið og/eða endurhæfing sem beinlínis nýtist í starfi. Greidd eru 80% af námskeiðsgjaldi allt að kr. 100.000 á ári. Hafi félagsmaður náð 7 ára starfsaldri/félagsaldri þá hækkar hlutfallið í 90%. Sé gjaldið kr. 20.000 eða minna fæst það greitt að fullu þó aldrei herra en kr. 16.000 en kr. 18.000 fyrir þá sem náð hafa 7 ára starfsaldri/félagsaldri.
4. Vegna ráðstefnu-, náms- og kynnisferða innanlands eða erlendis (til að auka þekkingu, reynslu, tækni o.s.frv.) er greiddur fararstyrkur gegn framvísun farseðils, staðfestingarbréfs, vottorðs og/eða umsagnar yfirmanns allt að kr. 50.000.